

Embættisafgreiðslur skrifstofu borgarstjórnar 14. september 2017 - R17090018

Málsnr.	Erindi:	Afgreiðsla:
	Fundargerðir:	
	Annað:	
R17090065	Tillaga borgarráðsfulltrúa, dags. 7.9.2017, Sjálfstæðisflokksins um að ræstingarfólki verði kleift að nota mötuneyti borgarinnar.	Sent skrifstofu þjónustu og rekstur til umsagnar.
R17060170	Tillaga borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, dags. 7. 9. 2017, um sundurliðun viðgerða á húsi Orkuveitu Reykjavíkur.	Sent Orkuveitu Reykjavíkur til umsagnar.
R17060170	Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina, dags. 7.9.2017, um viðbrögð við skýrslu um skemmdir á klæðningu húss Orkuveitunnar	Sent Orkuveitu Reykjavíkur til umsagnar.
R17010082	Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar í ágúst 2017, dags. 4. september 2017.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17070103	Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um endurbætur á steinsteypum tröppum við Seljaskóla, dags. 20.7.'17, ásamt umsögn USK, dags. 9.9.'17.	Sent umhverfis- og skipulagssviði til meðferðar.
R17010233	Tölfræði afbrota fyrir júlí 2017.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17090122	Erindi húsfélags Aðalstrætis 9 vegna rekstrarleyfa, dags. 20.7.'17.	Sent borgarfulltrúum til kynningar.
R17090119	Frá nefndarsviði Alþingis: Til umsagnar frumvarp til laga um fjárlög 2017.	Sent fjármálaskrifstofu til umsagnar.

BORGARRÁÐ 7. september 2017: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að ræstistarfsfólki verði kleift að nota mötuneyti borgarinnar - R17090065

Hópur starfsfólks vinnur gott starf við ræstingar eða önnur sambærileg störf í þágu Reykjavíkurborgar og hefur fasta starfsstöð í stofnunum, t.d. á Höfðatorgi eða í Ráðhúsi. Þessu starfsfólki er þó ekki heimilt að nýta sér þjónustu mötuneytanna á þessum stöðum þar sem það er á vegum verktaka. Lagt er til að í samvinnu við viðkomandi verktaka verði umræddu starfsfólki heimilað að nýta sér þjónustu mötuneytanna á sömu kjörum og borgarstarfsmenn njóta.

BORGARRÁÐ 7. september 2017: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina vegna viðhalds- og framkvæmdakostnaðar við hús Orkuveitu Reykjavíkur árin 2007-2014 - R17060170

Óskað er eftir upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur um nákvæma sundurliðun viðhalds- og framkvæmdarkostnaðar vegna húseigna á Bæjarhálsi á árunum 2007-2014, þ.e. í hvaða viðhald eða framkvæmdir var farið nákvæmlega hvert þessara ára og á hvaða húsi og hvernig kostnaður vegna hvers verkþáttar skiptist, en upplýsingar um heildarkostnað hvers árs voru birtar á heimasíðu OR 31. ágúst sl.

BORGARRÁÐ 7. september 2017: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Framsóknar og flugvallarvina um viðbrögð Orkuveitu Reykjavíkur við mat Eflu á skemmdum 2009 - R17060170

Óskað er eftir upplýsingum frá Orkuveitu Reykjavíkur um það hvernig brugðist var við þeim atriðum sem fram koma í niðurstöðu Eflu verkfræðistofu í maí 2009, um skemmdir á klæðningu og gluggum vesturhúss, frumskoðun og mat, en mat Eflu var birt á heimasíðu OR 31. ágúst sl. R17060170



Reykjavíkurborg
Fjármálaskrifstofa
innkaupadeild

Malsnr.: *217010082*
Skjalasafn Ráðhúss
08. sep. 2017
Bréfalykill: *5252*

Reykjavík, 4. september 2017

~~R47040076~~

Borgarráð

Ráðhúsi Reykjavíkur

Efni: Skýrsla samkvæmt 37. gr. Innkaupareglna Reykjavíkurborgar
Um er að ræða lögstjórðendur nema annað sé tekið fram.

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. upplýsingatæknideildar Reykjavíkurborgar í ágúst 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð án vsk	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Microsoft School hugbúnaðarleyfi	Nýherji hf	29.616.480	Pöntun	Útboð	Innkauparáð
Netbúnaður	Advania ehf	48.451.129	Pöntun	Örútbóð innan rammasamn.	Upplýsingatæknideild

Yfirlit yfir verkefni innkaupadeildar f.h. skrifstofu þjónustu og reksturs Reykjavíkurborgar í ágúst 2017

Teg. verks / vöru / þjónustu	Seljandi / samn.aðili	Samningsverð án vsk	Teg. samn./ samn.tími	Innkaup / útboð / fyrirspurn	Hver tók ákvörðun
Ræsting í Ráðhúsi Reykjavíkur og Borgartúni 12-14	ISS Ísland ehf	415.810 per viku	Samn. / samn.lok 21.8.2021	EES Útboð	Innkauparáð

Guðbjörg Eggertsdóttir

Guðbjörg Eggertsdóttir
innkaupadeild Reykjavíkurborgar

Borgartún 12-14
105 Reykjavík
Kt. 530269-7609
Sími 411 1111
www.reykjavik.is/utbod



Borgarráð

Efni : Endurbætur á steinsteypum tröppum við Seljaskóla

Vísað er til tillögu borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins í borgarráði þann 20.7.2017 um endurbætur á steinsteypum tröppum við Seljaskóla.

„ Lagt er til að ráðist verði í viðgerðir og endurbætur á steinsteypum tröppum sem tengja íbúabyggð í austanverðu Seljahverfi við Seljaskóla. Umræddar tröppur eru fyrir neðan Hnjúkasel og Kambasel og er hluti þeirra svo illa farinn að hættu getur stafað af..“

Tillagan var send Umhverfis- og skipulagssviði til umsagnar.

Umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs:

Umræddar 3 tröppur eru staðsettar á aðkomuleiðum að Seljaskóla norð-austan megin við skólann , ástand þeirra er léleg og þarfnast þær endurgerðar. Sjá staðsetningu á meðfylgjandi loftmynd Umhverfis- og skipulagssvið leggur til að nyrstu tröppurnar, sýndar með bláum hring verði endurgerðar, en jafnframt mjókkaðar. Lagt er til að syðstu tröppurnar tvær, merktar með rauðum hringjum verði aflagðar enda er önnur hallandi aðkoma við hlið þeirra. Tröppurnar verða teknar í burtu og setstallar og gras setti í stað þeirra.

Áætlaður kostnaður við endurgerð og breytingar á tröppunum er áætlaður kr. 10.000.000. Ekki eru fjármunir til verksins á viðhaldslið skólalóðar árið 2017.

Umhverfis- og skipulagssvið leggur til að gert verði ráð fyrir framkvæmdinni í viðhaldsáætlun skólans árið 2018.


Reykjavík 9. september 2017


Ólafur Ólafsson

deildarstjóri

Skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar





Afbrotatölfræði

ágúst 2017



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Samantekt

Aðferð

Í skýrslu þessari eru teknar saman mánaðarlega lykiltölur embættis lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu. Einungis er um bráðabirgðatölur að ræða. Fjöldinn getur breyst með brotum sem kærð eru seint og því verið frábrugðinn endanlegum tölum.



Hér að neðan er fjöldi afbrota í ágúst borinn saman við meðalfjölda brota síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan út frá staðalfrávikum. Með því að reikna staðalfrávik er hægt að áætla neðri og efri mörk brota síðastliðna sex og 12 mánuði á undan sem nýtast til þess að leggja mat á hve marktækar breytingarnar í ágúst eru miðað þessi mörk.

	Júlí 2017		Ágúst 2017		Staða breytinga m.v. 6 mán.		Staða breytinga m.v. 12 mán.	
					Fjölgar	Fjölgar	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Hegningarlagabrot	699	799						
þjófnaður	313	373						
þjófnaður - innbrot	52	71						
Manndráp og líkamsmeiðingar	101	95						
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	2	6						
Kynferðisbrot	22	14						
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	2	5						
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	108	112						
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	28	36						
Fíkniefni	123	111						
Umferðarlagabrot	1.187	1.121						
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	159	133						
Ölvun við akstur	91	82						
Innbrot á heimili	17	27						



Hegningarlagabrot

- Skráðar voru 799 tilkynningar um hegningarlagabrot í ágúst mánuði. Eru það fleiri tilkynningar en bárust í júlí.
- Skráðum hegningarlagabrotum fjölgaði í ágúst miðað við útreiknuð eftri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði.
- Það sem af er ári hafa borist um eitt prósent fleiri tilkynningar um hegningarlagabrot en að meðaltali sl. þrjú ár á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Hegningarlagabrot	Ágúst 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Staða breytinga %
6 mánaða meðaltal	799	700	645	755	86	12%
12 mánaða meðaltal	799	713	657	755	99	14%
						Fjölgar
						Fjölgar



Þjófnaðir

- Skráðar voru 373 tilkynningar um þjófnaði í ágúst. Tilkynntum þjófnuðum fjölgaði töluvert miðað við sl. mánuði á undan og þarf að líta aftur til október 2015 til að finna fleiri tilkynningar um þjófnaði í einum mánuði.
- Tilkynningum um þjófnaði fjölgaði mikið miðað við útreiknuð efri mörk síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Tilkynningum um allar tegundir þjófnaða fjölgar á milli mánaða. Hlutfallslega fjölgaði reiðhjóla þjófnuðum og innbrotum mest.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um þjófnaði fækkað um sex prósent samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Þjófnaður	Ágúst 2017	Meðalt.	Mörk		Breyting frá meðalt.		Staða breytinga
			Neðri	Efri	+	-	
6 mánaða meðaltal	373	310	289	331	63	20%	Mikil fjölgun
12 mánaða meðaltal	373	318	293	342	55	17%	Mikil fjölgun



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Innbrot

- Í ágúst bárust 71 tilkynning um innbrot til lögreglu. Tilkynntum brotum fjölgaði á milli mánaða.
- Fjöldi tilkynnta innbrota er innan marka miðað við útreiknuð mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fjölgaði innbrotum í ökutæki mest, eða um tæplega 88 prósent.
- Það sem af er ári hefur tilkynningum um innbrot fækkað um 11 prósent samanborið við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Ofbeldisbrot

- Í ágúst bárust 95 tilkynningar um ofbeldisbrot. Tilkynningum fækkaði lítillega á milli mánaða.
- Skráð ofbeldisbrot voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa 13 prósent fleiri tilkynningar um ofbeldisbrot borist lögreglu samanborið við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í ágúst voru skráð sex tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um eitt prósent færri tilvik þar sem lögreglumaður var beittur ofbeldi og að meðaltali síðustu þrjú ára á undan.


Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni

- Í ágúst voru skráð tvö tilvik þar sem lögreglumanni var hótað ofbeldi.
- Það sem af er ári hafa verið skráð um 20 prósent fleiri tilvik en að meðaltali síðustu þrjú ára áður.

Ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Hótun um ofbeldi gagnvart lögreglumanni



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.





Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Kynferðisbrot—dags. brots

- Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu bárust 14 tilkynningar um kynferðisbrot sem áttu sér stað í ágúst.
- Fjöldi tilkynninga um kynferðisbrot í ágúst fækkaði miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex mánuði á undan.
- Tilkynningar um kynferðisbrot voru um fimm prósent færri samanborið við meðalfjölda fyrir sama tímabil árin 2014 til 2016.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem áttu sér stað í hverjum mánuði fyrir sig á tímabilinu.



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	Ágúst 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	14	19	15	-5	Fækkar
12 mánaða meðaltal	14	18	13	-4	Innan marka





Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Kynferðisbrot—dags. tilkynnt

- Tilkynnt var um 24 kynferðisbrot í ágúst.
- Fjöldi tilkynnta kynferðisbrota í ágúst voru innan marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Tilkynntum kynferðisbrotum hefur fjölgað um 11 prósent miðað við meðaltal fyrir sama tímabil síðustu þriggja ára á undan.

Hér er fyrir neðan er fjöldi kynferðisbrota sem voru tilkynnt í hverjum mánuði fyrir sig, burt séð frá því hvenær brotið átti sér stað.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Kynferðisbrot	Ágúst 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	24	24	Neðri 19 Efri 29	0	Innan marka
12 mánaða meðaltal	24	24	Neðri 15 Efri 32	0	Innan marka



Heimilisofbeldi

- Alls bárust 56 tilkynningar um heimilisofbeldi í ágúst.
- Fjöldi tilkynninga um heimilisofbeldi í ágúst voru innan útreiknaðra marka miðað við fjölda síðustu sex og síðustu 12 mánaða á undan.
- Tilkynningum um heimilisofbeldisbrot hefur fjölgað um 32 prósent það sem af er ári miðað við meðaltal síðustu þriggja ára á undan.





Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Heimilisofbeldi	Ágúst 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	56	56	Neðri	+/-	%
12 mánaða meðaltal	56	56	Neðri	+/-	%



Leit að týndum ungmennum

- Alls bárust 16 beiðnir um leit að týndum börnum og ungmennum í ágúst.
- Beiðnum fækkaði í ágúst miðað við útreiknuð neðri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist 55 prósent fleiri leitarbeiðnir en bárust að meðaltali síðustu tvö ár á undan.





Fjöldi verkefna það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Eignaspjöll

- Í ágúst voru skráðar 117 tilkynningar um eignaspjöll.
- Fjöldi tilkynninga í ágúst eru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Á milli mánaða fækkaði tilkynningum um rúðubrot og veggjakrot. Tilkynningum um önnur brot fjölgaði.
- Það sem af er ári hafa borist níu prósent fleiri tilkynningar um eignaspjöll samanborið við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.




Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.

Eignaspjöll	Ágúst 2017	Meðalt.	Mörk	Breyting frá meðalt.	Staða breytinga
6 mánaða meðaltal	117	116	Neðri 101 Efri 132	+/- 1 %	Innan marka
12 mánaða meðaltal	117	111	Neðri 96 Efri 126	+/- 6 5%	Innan marka


Nytjastuldur ökutækja

- Skráðar voru 36 tilkynningar um nytjastuld á vélknúnum farartækjum í ágúst.
- Tilkynninga um nytjastuldi fjölgaði í ágúst miðað við útreiknuð efri mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Það sem af er ári hafa borist um 12 prósent færri tilkynningar um nytjastuldi miðað við meðalfjölda síðustu þriggja ára á undan.

Fjöldi 3 mánaða meðaltal 12 mánaða meðaltal



Nytjastuldir	Ágúst 2017	Meðalt.	Mörk Neðri	Mörk Efri	Breyting frá meðalt. +/-	Staða breytinga %
6 mánaða meðaltal	36	24	17	30	12	52%
12 mánaða meðaltal	36	24	18	30	12	49%
						Fjölgar
						Fjölgar



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Fíkniefnabrot

- Fíkniefnabrot**



Fíkniefnabrot

Fíkniefnabrot




Fíkniefnabrot

Fíkniefnabrot

Umferðarlagabrot

- # Umferðarlagabrot



* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.

Akstur undir áhrifum



Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna

- Skráð voru 133 brot þar sem ökumaður var grunaður um akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna í ágúst.
- Skráðum brotum fjölgaði mikið miðað við útreiknuð eftir mörk fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 58 prósent það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára.

Ölvun við akstur

- Í ágúst voru skráð 82 brot þar sem ökumaður var grunaður um ölvun við akstur.
- Skráð brot í ágúst voru innan útreiknaðra marka fyrir síðustu sex og síðustu 12 mánuði á undan.
- Brotum hefur fjölgað um 34 prósent samanborið meðalfjölda fyrir sama tímabili síðustu þriggja ára á undan.

■ Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna
■ Ölvun við akstur



Fjöldi brota það sem af er ári samanborið við sama tímabil síðustu þriggja ára og meðaltal þeirra.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Þróun á löggæslusvæði 1

- Hér er fjöldi afbrota í ágúst borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 1, sem nær yfir Miðborg, Vesturbæ, Seltjarnarnes, Háaleiti, Hlíðar og Laugardal.

	Júlí 2017		Ágúst 2017		Staða breytinga m.v. 6 mán.		Staða breytinga m.v. 12 mán.	
					Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Hegningarlagabrot	340		409		Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
þjófnaður	168		200		Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
þjófnaður - innbrot	27		38		Fjölgar	Fjölgar	Fjölgar	Fjölgar
Manndráp og líkamsmeiðingar	50		55		Fjölgar	Fjölgar	Fjölgar	Fjölgar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1		4		Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Kynferðisbrot	13		7		Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1		2		Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	39		52		Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	7		19		Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
Fíkniefni	59		55		Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot*	465		388		Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	63		64		Fjölgar	Fjölgar	Fjölgar	Fjölgar
Ölvun við akstur	32		44		Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	10		9		Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka
Slys	19		15		Innan marka	Innan marka	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.



Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu

Þróun á löggæslusvæði 2

- Hér er fjöldi afbrota í ágúst borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 2, sem nær yfir Hafnarfjörð, Garðabæ og Álftanes.

	Júlí 2017	Ágúst 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	88	68	Fækkar	Fækkar
þjófnaður	34	25	Fækkar	Fækkar
þjófnaður - innbrot	12	4	Innan marka	Fækkar
Mannráp og líkamsmeiðingar	14	9	Fækkar	Mikil fækkun
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	1	0	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	2	1	Fækkar	Fækkar
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	1	0	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	16	13	Innan marka	Innan marka
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	5	6	Fjölgar	Fjölgar
Fíkniefni	10	7	Mikil fækkun	Mikil fækkun
Umferðarlagabrot*	200	242	Fjölgar	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	20	10	Mikil fækkun	Fækkar
Ölvun við akstur	21	12	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	2	1	Innan marka	Innan marka
Slys	12	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.



Þróun á löggæslusvæði 3

- Hér er fjöldi afbrota í ágúst borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 3, sem nær yfir Breiðholt og Kópavog.

	Júlí 2017	Ágúst 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	154	166	Fjölgar	Innan marka
þjófnaður	71	90	Mikil fjölgun	Mikil fjölgun
þjófnaður - innbrot	9	20	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	20	16	Innan marka	Fækkar
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	1	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	5	3	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	2	Fækkar	Mikil fjölgun
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	24	19	Fækkar	Fækkar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	7	7	Fjölgar	Innan marka
Fíkniefni	35	27	Innan marka	Innan marka
Umferðarlagabrot*	217	218	Innan marka	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	47	38	Innan marka	Fjölgar
Ölvun við akstur	28	14	Fækkar	Innan marka
Innbrot á heimili	4	9	Fækkar	Fjölgar
Slys	9	9	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.



Þróun á löggæslusvæði 4

- Hér er fjöldi afbrota í ágúst borinn saman við meðalfjölda brota síðustu þrjá mánuði á svæði lögreglustöðvar 4, sem nær yfir Ár-
bæ, Grafarvog, Grafarholt, Mosfellsbæ, Kjalarnes og Kjósarhrepp.

	Júlí 2017	Ágúst 2017	Staða breytinga m.v. 6 mánuði	Staða breytinga m.v. 12 mánuði
Hegningarlagabrot	95	111	Innan marka	Innan marka
þjófnaður	28	36	Innan marka	Innan marka
þjófnaður - innbrot	4	9	Innan marka	Innan marka
Manndráp og líkamsmeiðingar	16	14	Innan marka	Innan marka
Ofbeldi gagnvart lögreglumanni	0	1	Innan marka	Innan marka
Kynferðisbrot	0	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Meiriháttar skemmdarverk)	0	1	Innan marka	Innan marka
Eignaspjöll (Minniháttar skemmdarverk)	28	27	Innan marka	Fjölgar
Nytjastuldur vélknúinna farartækja	9	4	Innan marka	Innan marka
Fíkniefni	19	21	Fækkar	Fækkar
Umferðarlagabrot*	302	264	Innan marka	Fjölgar
Akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna	29	19	Fækkar	Innan marka
Ölvun við akstur	10	11	Innan marka	Innan marka
Innbrot á heimili	1	3	Innan marka	Innan marka
Slys	5	7	Innan marka	Innan marka

* Fjöldi umferðarlagabrota að hraðamyndavélum undanskildum.



Reykjavík, 20. júlí 2017

Erindi frá *Aðalstræti 9, húsfélag* kt. 59099952829, Aðalstræti 9 101 Reykjavík.

Efni: „Um leyfisskylda starfsemi, eignarlóð Aðalstrætis 9 og markaðsstarfsemi í Fógetagarðinum”.

Til hæstvirtrar Borgarstjórnar Reykjavíkur

Fyrir hönd stjórnar *Aðalstræti 9, húsfélag*, sem nánar tiltekið er félag fasteignareigenda 3.-5. hæðar eða íbúðahluta téðar fasteignar, mótmælir undirrituð útveitingum á lóð og við lóð hússins að hálfu *Skúli Craft bar*. Krá þessi er staðsett í suðausturhorni jarðhæðar nánast við jaðar *Fógetagarðsins*. Húseignin í heild skiptist í verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 1.-2. hæð, og áður nefndan íbúðahluta og stendur við elstu götu Reykjavíkur.

Á það skal bent að lóð fasteignarinnar er **eignarlóð** sem er í **sameiginlegri, hlutfallslegri eigu allra eigenda hússins** og ennfremur er þar þinglýst **umgengniskvöð** um sundið milli Aðalstrætis 9 og Aðalstrætis 11. Íbúar geta nánast ekki eins og staðan er í dag gengið rakleiðis umhverfis lóðina sunnanmegin hússins að inngangi á austurhlið, nema þá að ganga í gegnum röð útibekkjaborða auk smáborða og taka þannig á sig góðan krók. Auk veitingareksturs framangreindrar kráar standa borgaryfirvöld með þessum tiltekna aðila á jaðri lóðar óbeint fyrir matsölu úr matarvögnum á hjólum. Í síðastliðinni viku var síðan enn þrengt að aðkomunni með uppslegnum timbursölukofa, fremur óásjálegum, á vegum borgaryfirvalda.

Innan skamms verður ennfremur hafist handa við að byggja við norðurgafli hússins, við Ingólfstorg, og mun þá vafalítið enn frekar þrengja um tíma að aðkomu að inngangi, en til þessa hafa íbúar átt greiða leið beggja vegna sundsins. Á þessu ári skipta 3 íbúðir af 20 talsins um eigendur og gamlir sem nýir eigendur eiga sinn rétt að komast óhindrað með búslóð beggja vegna sundsins og einnig fá notið sem fyrir útivistar á svölum fasteigna sinna, án þess að viðskiptavinir matarsöluvagna standi í samfelldri biðröð fyrir neðan þær daginn á enda, jafnvel reykjandi. Þá skal og á það bent að umrædd leið um sundið er líka eina flóttaleiðin úr íbúðahlutanum, neyðarútgangur, ef eldur kæmi upp í húsinu. Norðurhliðin, eða sú hlið sem snýr að Ingólfstorgi, er í dag svo til teppt með skilveggjum væntanlegra byggingaframkvæmda auk óprýðilegra plastkamra vegna uppákomu tengdri EM-torgi.

Stjórn *Aðalstræti 9, húsfélag* vill undirstrika sérstaklega að **rekstrarleyfi Skúla Craft bar** er ólöglegt, þ.e. rekstraraðilar sóttu ekki um að nýju þrátt fyrir að eignarhaldi hafi verið breytt og nýr aðili hafi keypt 2/3 hluta rekstursins fyrir um ári síðan. Rekstrarleyfi til veitingareksturs eru gefin út á leyfishafa og eru almennt ekki framseljanleg. Upphaflegt rekstrarleyfi *Skúla Craft bar* felur aukinheldur ekki í sér

leyfi til útiveitinga samkvæmt upplýsingum frá *Sýslumanninum á höfuðborgarsvæðinu*. Auk ólöglegs rekstarleyfis skal það tekið fram að að **starfsleyfi** *Skúla Craft bar*, gefið út af *Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur*, rann út í árslok 2016 samkvæmt upplýsingum frá *HER*.

Stjórn *Aðalstraeti 9, húsfélags* telur að Reykjavíkurborg stuðli að því að fyrrnefndur leyfislaus rekstraraðili standi fyrir viðtækum útiveitingum, ekki síst með þessari framlengingu veitingareksturs undir fána „Torg í biðstöðu“. Rekstraraðili *Skúla Craft bar* hefur auk þess án heimildar komið upp varanlegum skiltum á ytra byrði norðurgafls hússins auk sólhlífa bæði á suður- og austurhlið. Loks hefur téður aðili komið fyrir flennistöru plastplakati nánast við inngang íbúðanna á skilveggi Reykjavíkurborgar, sem til eru komnir vegna afgirts byggingarreits v / Ingólfstorg. Það er líka alkunna að matsölu sem þessari fylgir líka meira magn pappírs- og plastumbúða í næsta nágrenni, því ekki hirða allir um að setja umbúðir þvíumlíkra lúguveitinga í sorptunnur og er nú þegar nóg um umbúðir, bjórglös og sígarettustubba tengdum kránni.

Stjórnvöld í borginni stuðla að mati félagsins að ólögmætri háttsemi með því að leggja blessun sína yfir sérhverja viðskiptahugmynd téðra aðila, svo sem þessa 2-3 matarvagna, og hverju og einu er síðan skellt undir „Torgarmenningu“ í annars virðulegum *Fógetagarðinum*, reit sem á sér allanga menningarsögu. Í garðinum voru lagðar til hinstu hvílu um þrjátíu kynslóðir Reykvíkinga og því fremur óviðeigandi að ástunda þvíumlíka sjoppulega starfsemi á helgum kirkjugarðsreit sem með réttu ætti að vera friðaður eða í það minnsta sýnd tilhlýðleg virðing. Stærsti og nýjasti vagninn í flota *Skúla Craft bar*, Soð-Kínabrauðvagninn, fyllir að hluta til upp í sundið sem liggur að og frá inngangi 3.-5. hæðar auk þess sem hann er staðsettur nánast upp við suður- og austursvalir húseignarinnar og örskammt frá hinum aðalinngangi hússins, að 2. hæð, eða skrifstofuhæðinni.

Stjórn félagsins bendir á að það skortir alls ekki á veitingasölu í miðbænum, þvert á móti er nánast um veitingar að ræða í öðru hverju húsi og á öðru hverju horni. Telja verður frekar að verið sé að hygla ákveðnum aðilum á kostnað annarra undir merkjum einherrar Borgar-torgarstefnu, sem ber keim stefnuleysis öðru fremur. Matarmarkaður sem hefur verið starfræktur síðastliðin ár er allt annars eðlis en núverandi starfsemi einkaaðilanna sem í raun starfa án leyfa sem fyrr segir, þ.e. ef frá eru skilin leyfi *Reykjavíkurborgar* til að starfrækja matarvagna sem framlengingu fyrir leyfislausa aðila í hornrými jarðhæðar.

Aukinheldur sjá nú flestir, bæði íbúar borgarinnar og gestir hennar, að það er gríðarleg sjónmengun af þessum stóru klumbuvögnum í þessum litla garði sem mætti nú allt eins fara að uppnefna „Hamborgara-„torgið“. Myndi það ekki vafalítið rýra ásýnd *Austurvallar* eða *Hólavallarkirkjugarðar* ef þeir væru einnig gæddir „lífi“ á þennan máta? Torgarstefnan fyrrnefnda miðar sum sé að því að gæða ákveðna staði lífi og einhver einn aðili virðist fá til þess nk. frítt spil, án þess að hlutaðeigandi aðilar hafi eitthvað um þá útfærslu að segja. Þegar íbúðahluti húss þessa var byggður árið 1994 var borgaryfirvöldum vel ljóst að það fylgdi áhætta fyrir borgarbúa almennt að eyða íbúabyggð miðborgar, þar sem íbúar skapa visst aðhald í umhverfi sínu og því slíkri íbúaviðbót tekið fagnandi. Nú í dag skal hampað sérhverri hugdettu skyndifæðisveitingamanna um að fódra og þá einna helst útlenda ferðamenn hægri vinstri. Gott svo langt sem það nær, en það skortir algerlega á heildarsýn um hver

13. september 2017

Frá nefndasviði Alþingis.

Ágæti viðtakandi.

Fjárlaganefnd Alþingis sendir yður til umsagnar frumvarp til laga um fjárlög 2018.

Þess er óskað að undirrituð umsögn berist eigi síðar en 27. september á netfangið nefndasvid@althingi.is <<mailto:nefndasvid@althingi.is>>

Ef engar athugasemdir eru þarf ekki að senda sérstaka tilkynningu þess efnis.

Þingskjalið er hægt að sækja á vef Alþingis: <http://www.althingi.is/altext/147/s/0001.html>

Vakin er athygli á því að nefndastarf fastanefnda Alþingis er rafrænt. Óskað er eftir að umsagnir og erindi verði send á rafrænu formi.

Bent skal á að umsagnir og gögn um málið birtast á vef Alþingis undir fyrirsögninni Innsend erindi á síðu viðkomandi þingmáls.

Leiðbeiningar um ritun umsagna er að finna á vef Alþingis á slóðinni www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html <<http://www.althingi.is/vefur/nefndaumsagnir.html>>

Kveðja,

Sigrún Helga Sigurjónsdóttir

ritari nefndasviðs Alþingis

skuli vera heildarbragur hjarta miðborgar vorrar og ekki síður hvert skuli stefna í málefnum íbúa hennar.

Að lokum vill undirrituð f.h. stjórnar félagsins undirstrika að stjórnsýslan er lögbundin. Ber borgaryfirvöldum því að fara að lögum í hvívetna, hvort sem um er að ræða lögum er lúta að framangreindum leyfum, lögum um fjöleignarhús, lögum sem snúa að eignarrétti eða lögum um kirkjugarða. Í ljósi framangreinds erindis er það von okkar að mál þessi verði hér með tekin til endurskoðunar að hálfu borgaryfirvalda og annarra er málið kann að varða.

Virðingarfyllst,

Erla Árnadóttir
formaður stjórnar
Aðalstræti 9, húsfélag

- afrit sent til Mannvirkjastofnunar /Brunavarnir
- afrit sent til Sýslumannsins höfuðborgarsvæðinu
- afrit sent til Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu.